


ENN OF SNEMMT AÐ RÆÐA UM „SUÐUR-AFRÍSKA LIST“

A.R.E.A. 2000 er yfirskrift sýningar á verkum 49 listamanna frá Suður-Afríku sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum í dag kl. 16 og stendur til 7. janúar nk.

MARGRÉT SVEINBJÖRNSDÓTTIR fór að finna sýningarstjóran, Gavin Younge, og fjóra af listamönnunum, þar sem þeir voru að setja upp sýninguna.



Verk Claudette Schreuders: Glötuð stúlka, Melankólískur drengur og Eigandi tveggja sundbola.

Morgunblaðið / Halldór Kolbeins

Á SÝNINGUNNI, sem er í vestursal og miðrymi Kjarvalsstaða, eru verk eftir 20 myndlistarmenn frá Suður-Afríku sem margir hverjir eru einnig vel þekktir utan heimalandsins. Þeir vinna í ólík

form og má þar m.a. nefna skúlptúra, ljósmyndir, grafík, myndbandsverk, tölvumyndir, textílverk og innsetningar. Sýningin er

hluti af dagskrá Reykjavíkur menningarborgar Evrópu árið 2000. Listamennirnir heita Andries Botha, Ang-

ela Ferreira, Bernie Searle, Bonita Alice, Claudette Schreuders, Greg Streak, Jane Alexander, Jeremy Wafer, Jo Ratcliffe,

SVARTUR BLETTUR, FJÖLSKYLDUMYNDIR, BOLTAVÖLLUR OG BÁRUJÁRN

VÍÐSTADDIR opnun sýningarinnar á Kjarvalsstöðum í dag verða fimm af listamönnunum frá Suður-Afríku. Morgunblaðið hitti að máli fjóra þeirra, þær Bernie Searle, Bonita Alice, Kathryn Smith og Terry Kurgan, en Angela Ferreira var rétt ókomin til landsins þegar viðtalið fór fram.

Listakonurnar voru að byrja að taka verk sín upp og finna þeim stað í sýningarrýminu. Þeim hafði gengið misvel að vakna þennan fyrsta morgun norður á Íslandi eftir nærri sólarhrings ferðalag frá Suður-Afríku daginn áður. Þær lögðu af stað í 34 stiga hita og þó að þær hafi verið vel klæddar við komuna til Keflavíkur var kuldinn bítandi. „Svo ætlaði ég aldrei að geta vaknað í morgun,“ sagði Bernie Searle. „Ég er von að vakna í birtu og hávaða. Hér er svo dimmt og hljótt.“

Blaðamaður bað listakonurnar að lýsa verkunum sem þær hyggjast sýna. Fyrst varð fyrir svörum Kathryn Smith sem sýnir verkið „Dauðagildir“, gríðarstóra stafræna stækkun á ljósmynd sem hún tók í almenningsgarði í Jóhannesborg. Á myndinni getur að líta mannlausan bekk á grasflöt, há tré að baki og fugla á flötinni. „Opnir grænir garðar eru svæði sem líta oftast út fyrir að vera örugg og hættulaus,“ segir hún en bætir við að glæpatíðnin sé gífurleg í Jóhannesborg og garðar borgarinnar því langt frá því að vera öruggir. „Maður getur sest niður á bekk í fallettum garði og borðað nestið sitt en



Kathryn Smith, Terry Kurgan, Gavin Younge, Bernie Searle og Bonita Alice.

Morgunblaðið / Halldór Kolbeins

það er ekki gott að segja hvað leynist í skugga trjána á bak við bekkinn,“ segir Kathryn Smith.

„Völlur“ er heiti verks eftir Bonita Alice. Það samanstendur af þremur útgáfum af verki sem hún vann við Barnato Park-skól-

ann í Berea í Jóhannesborg. Sviðið er knattspyrnuvöllur og þar koma við sögu bárujárnsplötur sem virðast svífa yfir jörðinni. Þar líkir hún eftir tækni sem íþróttáhugamenn kannast við, þegar auglýsingar eru málaðar á leikvelli og virðast svífa yfir vellinum. Hluti af verkinu er líka sérmerktir íþróttabúningar sem listakonan lét gera og ýmsar textatílvitnanir sem tengjast m.a. yfirráðum og eignarhaldi á landi. „Við þekkjum það úr sögunni að menn hafa alla tíð barist um yfirráð yfir landsvæðum – það er ekkert nýtt. Knattspyrna er keppni, menn fara yfir á svæði andstæðinganna og berjast um yfirráð yfir boltanum,“ segir hún. Bárujárnsplöturnar segir hún vísa til hins mikla fjölda heimilislausra í Jóhannesborg sem reisa sér bráðabirgðaskýli úr bárujárni. „Jóhannesborg var líka upphaflega byggð úr bárujárni,“ bætir hún við.

Skráning á fjarveru fremur en nærveru

Terry Kurgan sýnir innsetningu sem samanstendur af tíu myndum stækkuðum á organza-silki og kallar þær „Tapað-fundið“. Fyrir verkið fékk hún fyrir á þessu ári Vita-verðlaunin, sem eru helstu verðlaun sem veitt eru fyrir samtímalist í Suður-Afríku.

Myndirnar hanga niður úr loftinu á gangi Kjarvalsstaða og þurfa sýningargestir að ganga svo að segja innan um verkið til þess að geta skoðað það. Listakonan segir það